

Skorradalshreppur  
Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir  
Grund  
311 Borgarnes

Reykjavík 11. september 2020  
UST202009-120/B.S.  
10.05.01

**Efni: Efnistaka – Skorradalshreppur. Umsögn**

Vísað er til tölvupósts skipulagsfulltrúa Skorradalshrepps sem sendur var 9. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint erindi.

Ráðgert er að taka um 3500 m<sup>3</sup> af mül úr farvegi Kaldár á um 800 m löngum kafla. Fyrir liggja umsagnir Fiskistofu og Hafrannsóknarstofnunar.

Fram kemur í ofangreindum umsögnum að yfirleitt sé efnistaka í virkum farvegum neikvæð fyrir lífríki viðkomandi vatnsfalla. Umhverfisstofnun tekur undir sjónarmið umræddra stofnana að lögð verði áhersla á að móta farveg að nýju samhliða efnistöku á þann hátt að náttúrulegt geti talist.

Umhverfisstofnun vill benda á að í landi Indriðastaða er nokkuð stór óvirk framburðarkeila þar sem unnt væri að taka efni án þeirra sjónrænu áhrifa sem fylgja efnistöku úr farvegi Kaldár. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda efnistöku.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur